

23. FEBRÚAR
2023

HARPA
ELDBORG

Hough leikur Rakhmanínov



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka:

Píanókonsert 37'

Sinfónía 55'

Tónleikunum er útvargað beint á Rás 1.

Upphaflega átti Eva Ollikainen að stjórna tónleikunum
en þurfti því miður að afboða komu sína.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Hough leikur Rakhmanínov

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Kornilios Michailidis

Hljómsveitarstjóri

Sir Stephen Hough

Einleikari

Sergej Rakhmanínov

Píanókonsert nr. 2 í c-moll op. 18 (1901)

Moderato

Adagio sostenuto

Allegro scherzando

Hlé

Dmítríj Shostakovítsj

Sinfónía nr. 10 í e-moll, op. 93 (1953)

Moderato

Allegro

Allegretto

Andante – Allegro

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is.



Kornilios Michailidis

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Gríski hljómssveitarstjórinn Kornilios Michailidis stundaði píanónám í París og í Bandaríkjunum og lauk meistaraþrófi í hljómssveitarstjórn við Sibeliusarakademíuna í Helsinki. Hann var aðstoðarstjórnandi Finnsku útvarpshljómssveitarinnar 2016–17 og gegndi sömu stöðu við Filharmóníusveit franska útvarpsins á árunum 2018–20. Hann hefur stjórnað fjölda hljómssveita, þar á meðal Sinfóníuhljómssveitinni í Lahti, Grísku útvarpshljómssveitinni og hljómssveit Parísaróperunnar. Í óperuhúsum hefur hann meðal annars stjórnað Töfraflautu Mozarts við Teatro Real í Madrid sem og Falstaff eftir Verdi og La clemenza di Tito eftir Mozart í Helsinki þar sem hann aðstoðaði einnig við uppsetningu á óperunni Only the Sound Remains eftir Kaiju Saariaho.

Eftir sigur í Alþjóðlegu píanókeppninni í Mayenne í Frakklandi ferðaðist Kornilios Michailidis um Evrópu, Ísrael og Bandaríkin og hélt einleikstónleika þar sem hann lék annars vegar þrjár síðustu sönötur Beethovens og hins vegar efnisskrá tileinkaða verkum Skrjabíns. Þá lék hann á tónleikum með fiðluleikaranum Sergej Krylov og fyrsta píanókonsert Rakhmanínovs með Sinfóníuhljómssveitinni í Aþenu. Árið 2016 stofnaði hann Tónlistarhátíðina í Koufonisia, þar sem klassísk tónlist hljómar á einni af smæstu eyjum Grikklands.

Kornilios Michailidis var staðarhljómssveitarstjóri Sinfóníuhljómssveitar Íslands starfsárið 2021–22.



Sir Stephen Hough

EINLEIKARI

Sir Stephen Hough er einn virtasti og fjölhæfasti píanóleikari samtímans. Hann var fyrsti klassíski tónlistarmaðurinn til að hljóta hin eftirsóttu MacArthur-verðlaun (2001), var gerður að heiðursfélaga í Royal Philharmonic Society (2016) og var sæmdur riddarakrossi (CBE) af Elísabetu Bretadrottningu árið 2014. Í júní 2022 var hann svo aðlaður og hlaut þá heiðursnafnbótina Sir, skömmu áður en drottningin féll frá. Þá hefur hann verið útnefndur einn af 20 helstu fjölfræðingum veraldar af tímaritinu The Economist.

Síðan Sir Stephen Hough bar sigur úr býtum í Naumburg-píanókeppninni í New York 1983 hefur hann komið fram með öllum helstu hljómsveitum heims og haldið einleikstónleika í Lundúnum, New York (Carnegie Hall og Lincoln Center), París, Hong Kong og Sídney, og m.a. komið fram í sjónvarpi með Berlínarfílharmóníunni og Sir Simon Rattle. Hann hefur einnig komið fram á fjölda tónlistarhátíða, m.a. í Aldeburgh, Edinborg, Salzburg og Tanglewood. Þá hefur hann komið fram 29 sinnum á PROMS-tónlistarhátíð Breska ríkisútvarpsins (BBC). Sir Stephen Hough hefur hljóðritað yfir 60 geisladiska sem hafa hlotið ótal alþjóðleg verðlaun. Hann er einnig afkastamikið tónskáld og mikilsvirtur rithöfundur og skrifar reglulega um tónlist í The Guardian, The Times, Gramophone og BBC Music Magazine.

Sir Stephen Hough er listamaður í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands á yfirstandandi starfsári. Fyrir á starfsárinu lék hann þriðja píanókonsert Beethovens með hljómsveitinni ásamt því að halda einleikstónleika í Norðurljósum. Báðir konsertar, annar píanókonsert Rakhmanínovs sem er konsert kvöldsins og þriðji píanókonsert Beethovens verða á efnisskrá tónleikaferðar Sinfóníuhljómsveitar Íslands til Bretlands í apríl þar sem Sir Stephen Hough verður einleikari.



Sergej Rakhmanínov

PÍANÓKONSERT NR. 2, OP. 18

Sergej Rakhmanínov (1873-1943) sýndi snemma mikla tónlistarhæfileika og komst fljótlega í læri hjá einkakennara í Sankti Pétursborg. Í öndverðu hafði faðir Rakhmanínovs hug á að drengurinn sækti sér frama innan hersins en fjölskyldan var lítt efnum búin og herskóli reyndist of dýr. Það var kannski eins gott því Rakhmanínov hlaut að lokum inngöngu í Tónlistarháskólann í Sankti Pétursborg. Hann var enginn afburðanemandi en hæfileikarnir voru óumdeildir. Tólf ára gamall var hann því sendur til Moskvu. Þar naut hann leiðsagnar Nikolajs Zverevs og lauk lokaprófi í tónsmíðum frá Tónlistarháskólanum í Moskvu. Hinn ungi Rakhmanínov hlaut hæstu einkunn og æðstu viðurkenningu skólans sem aðeins tveimur öðrum nemendum hafði áður fallið í skaut. Á Moskvuárunum komst Rakhmanínov í kynni við marga af helstu tónlistarmönnum Rússlands, þar á meðal Pjotr Tsjajkovskíj sem átti eftir að hafa mikil áhrif á fyrstu tónsmíðar hans.

Rakhmanínov leit fyrst og fremst á sig sem tónskáld en hann var ekki bara hæfileikaríkur hljómsveitarstjóri heldur einnig einn fremsti píanóleikari veraldar á sinni tíð. Þess má geta að hann var með óvenju stórar hendur. Sem tónskáld sótti hann innblástur í 19. öldina ásamt því að þróa áfram eigin síðrómantískan stíl. Tónsmíðum hans var þó ekki alltaf vel tekið. Fyrsta sinfónían kolféll þegar hún var frumflutt í mars 1897. Hljómsveitin var illa æfð og hljómsveitarstjórinn, Alexander Glazúnov, var að sögn kófdrukkinn. Hafði það mikil áhrif á sjálfstraust tónskáldsins, raunar svo mikið að Rakhmanínov sökk í djúpt þunglyndi sem varði í nokkur ár. Eftir að hafa leitað sér aðstoðar árið 1900 hjá taugasálfræðingnum Nikolai Dahl fór þó að rofa til. Í desember það ár voru annar og þriðji þáttur píanókonserts nr. 2 frumfluttir við gríðarlega góðar undirtektir og vorið 1901 lauk Rakhmanínov svo við fyrsta þáttinn. Konsertinn var frumfluttur í heild sinni í nóvember 1901 við fádæma fögnuð áhorfenda. Jafnvel tónskáldið César Cui, sem hafði líkt fyrstu sinfóníunni við „prógrammsinfóníu um tíu plágur Egyptalands“, hélt ekki vatni yfir verkinu í bréfi frá

árinu 1903. Rakhmanínov tileinkaði Nikolai Dahl verkið í þakklætisskyni.

Konsertinn, sem er sennilega mest leikni píanókonsert 20. aldar, er í senn uppfullur af trega og angurværð en tónskáldið byggir jafnframt upp í verkinu spennu sem á sér fá fordæmi. Brotnir hljómar upphafsins leiða inn í aðalstefið sem leikið er af fiðlum en þátturinn einkennist að öðru leyti af einkar ljóðrænum laglínunum sem hljóma á milli voldugra hljóma, sem ýmist eru leiknir af einleikara eða hljómsveit. Lýriskur annar þátturinn hefst á stafi tréblásara uns strengir og einleikari taka völdin og útfæra stafið nánar. Lokapátturinn hefst svo á æsilegum tónstigahlaupum sem smám saman taka á sig mynd stefs. Tónskáldið slær úr og í með örstefjum hér og þar auk þess sem hann vísar á einum stað í ljóðrænu annars þáttar.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sautján einleikarar

hafa spreytt sig á

öðrum píanókonserti

Rakhmanínovs með Sí

fram til þessa. Fyrst til

að leika verkið á Íslandi

var Tatjana Kravtchenko

í Þjóðleikhúsinu 1953.

Meðal annarra einleikara

má nefna Rögnvald

Sigurjónsson (1957,

1971 og 1979), Þorstein

Gauta Sigurðsson

(1978 og 1992), Cecile

Licad (1986), Dmítríj

Alexeév (1987), Richard

Simm (1997), Lukás

Vondrácék, (2003), Olgu

Kern (2009), Evgení

Kissin (2014) og Behzod

Abduraimov (2018).

Þess má einnig geta

að Daniil Trífonov lék

konsertinn í Hörpu ásamt

bresku hljómsveitinni

Philharmonia Orchestra í

október 2015.



Dmítríj Shostakovitsj

SINFÓNÍA NR. 10, OP. 93

Sovéska tónskáldið Dímítríj Shostakovitsj (1906–1975) var mönnum lengi ráðgáta. Vissulega lifði hann á viðsjárverðum tímum og mátti þola bæði kúgun og opinbera niðurlægingu af hálfu sovískra stjórnvalda, þar með talið af hendi Stalíns sjálfs, en honum var líka á tíðum hampað sem trúföstum stuðningsmanni stjórnvalda og fékkst stundum til þess að semja lofsöngva til bæði flokksins og ættjarðarinnar. Árið 1949 ferðaðist hann líka vestur um haf að fyrirskipun Stalíns og hélt meðal annars opinbera ræðu gegn heimsvaldastefnu Bandaríkjanna ásamt því að tala gegn landflótta tónskáldum á borð við Stravinskíj. Þetta áttu margir erfitt með að fyrirgefa en auðvitað gat Shostakovitsj ekki um frjálst höfuð strokið. Honum var fylgt hvert fótmál og ræðan sem hann flutti var auðvitað skrifuð í Kremli, auk þess sem Shostakovitsj dáði í raun og veru tónlist Stravinskíjs. Andóf hans gegn stjórnvöldum í Sovétríkjunum birtist hins vegar í verkum hans, svo sem í sínfóníunum og strengjarkvartettunum, og þó að auðvitað sé erfitt að ákvarða endanlega merkingu tónlistar reyndust sum verka hans koma við kvíku ráðamanna. Fór svo að flutningur margra þeirra var bannaður í Sovétríkjunum, einkum á meðan Stalín lifði.

Shostakovitsj hlaut ekki uppreisn æru í lifanda lífi en skömmu eftir lát hans ritaði landflótta sovískur tónlistarfræðingur, Solomon Volkov, endurminningabók tónskáldsins sem sögð er vera byggð á viðtölum við Shostakovitsj. Bókin, sem kom út árið 1979 og ber heitið Testimony (Vitnisburður), var lengi mjög umdeild en eftir töluvert ítarlegar rannsóknir fræðimanna ásamt framburði þeirra sem best þekktu Shostakovitsj er nú talið að hún bregði upp nokkuð trúverðugri mynd af skoðunum hans og aðstæðum. Kannski fæst aldrei endanlega úr sannleiksgildi bókarinnar skorið en hún dregur upp dökka mynd af aðstæðum í lífi tónskáldsins og því sem hann mátti þola.

Jósef Stalín lést í mars árið 1953. Margir töldu að þá gæti Shostakovitsj gengið uppréttur á ný en í samtali við einn af nemendum sínum sagði hann við þetta tækifæri: „Tímarnir

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur átta sinnum leikið tíundu símfóníu Shostakovitsj. Hljómsveitarstjórar hafa verið þeir Bohdan Wodiczko (1975), Frank Shipway (1986), Stefan Sanderling (1995), Petri Sakari (1999), Rumon Gamba (2006 og 2010), Gennadij Rozhdestvenskij (2013) og Klaus Mäkelä (2018). Ungsveit SÍ flutti símfóníuna undir stjórn Eivinds Aadland haustið 2015.

eru nýir en uppljóstrararnir eru gamlir.“ Hann var því efins um að breytingarnar væru í raun og veru djúpstæðar. En um sumarið 1953 vann tónskáldið einmitt að tíundu símfóníunni. Þá voru tæp átta ár liðin frá frumflutningi þeirrar níundu. Solomon Volkov hefur að þessu tilefni eftir Shostakovitsj: „Tíunda símfónían er um Stalín. Ég samdi hana skömmu eftir að Stalín lést, en fram til þessa hefur enginn getið sér þess til að þetta sé yrkisefni mitt. Símfónían er um Stalín og Stalínstímann. Annar kaflinn, scherzóið, er að vissu leyti mynd af Stalín í tónum.“ Verkið var frumflutt í desember 1953 og reyndist að mörgu leyti ráðgáta. Raunar baðst Shostakovitsj „afsökunar“ á verkinu og sagðist hafa flýtt sé um of; andstæðingar hans töldu meðal annars að verkið væri í engum tengslum við „hina bjartsýnu framtíð sovéskrar alþýðu“. Nú deilir hins vegar enginn um að tíunda símfónían er meistaraverk.

Símfónían hefst á löngum, hægum og dökkum inngangsþætti (Moderato) sem vex og dafnar uns öll hljómsveitin leikur á útopnu; að lokum heyrir svo upphafsstefið á ný. Annar kafli símfóníunnar (Allegro) – „myndin af Stalín“ – er hratt og ofsafengið scherzó. Þriðji þáttur (Allegretto) er einnig hraður en þar leika flautur stef sem er undirskrift tónskáldsins í tónum, DSCH (D-Es-C-H). Þetta stef hafði Shostakovitsj áður notað, til að mynda bæði í annarri píanósónötunni og í fyrsta fiðlukonsertinum og það átti eftir að birtast í seinni verkum, til að mynda áttunda strengjakvartettinum. Enn bregður tónskáldið á leik í þriðja þættinum en um miðbik hans leikur einleikshorn alls tólf sinnum stef sem samanstendur af tónunum E-A-E-D-A. Ef notuð eru nótnaheiti úr „solfège“-kerfinu fyrir miðnóturnar þrjár er útkoman E-la-mi-re-A, eða Elmira, en þar er vísað til píanóleikarans og tónskáldsins Elmiru Nazirovu sem Shostakovitsj átti í bréfaskriftum við og veitti honum innblástur á sköpunarferli símfóníunnar. Lokapátturinn (Andante – Allegro) hefst svo á hægum inngangi uns fullmótað, glaðvært stef birtist. Undir lokin hljómar svo DSCH-stefið í allri sinni dýrð.

Magnús Lyngdal Magnússon

Á döfinni

03.03 FÖSTUDAGUR
Kl.18:00



Árstíðir í múmíndal FÖSTUDAGSRÖÐ

Bækur Tove Jansson um múmínálfana hafa áratugum saman notið mikilla vinsælda meðal barna og fullorðinna, enda búa skáldverkin og teikningarnar sem þeim fylgja yfir marglaga seiðmagni og visku. Heimspékilegri og dekkri hliðar múmíndalsins og íbúa hans hafa veitt fjölmörgum listamönnum innblástur. Einn þeirra er finnska tónskáldið Lauri Porra sem auk fjölbreyttra tónsmíða hefur getið sér gott orð sem bassaleikari þungarokksveitarinnar Stratovarius. Þess má reyndar geta að Porri er barnabarnabarn Sibeliusar, þjóðartónskálds Finna. Tónverk hans sem hér hljómar á tónleikunum nefnist *Árstíðir í múmíndal* en þar fléttast tónlist Porra fyrir sínfóníuhljómsveit saman við texta og myndir Tove Jansson á hrífandi hátt. Ómóttstæðilegir föstudagstónleikar sem íslenskir aðdáendur múmínálfanna ættu ekki að láta framhjá sér fara. Tónleikarnir eru í Norðurljósum og hefjast kl. 18 og eru u.þ.b. klukkustundarlangir án hlés.

Gestgjafi og upplesari er Jóhanna Vigdís Arnardóttir leikkona.

09.03 FIMMTUDAGUR
Kl.19:30



Sunwook Kim leikur Brahms

Suður-kóreski píanóleikarinn Sunwook Kim vakti heimsathygli þegar hann fór með sigur af hólmi í Leeds-píanókeppninni árið 2006, þá einungis 18 ára gamall, og varð þar með yngsti sigurvegarinn í 40 ára sögu keppinnar. Upp frá því hefur hann verið eftirsóttur einleikari og hafa gagnrýnendur lýst leik hans sem kraftmiklum, listfengum og lýrískum. Sunwook Kim þreytir nú frumraun sína með Sínfóníuhljómsveit Íslands og leikur hinn stórbrotna píanókonsert nr. 2 eftir Johannes Brahms. Konsertinn er mikilfenglegur og sínfónískur í hugsun, en býr einnig yfir fíngerðri lýrik – til að mynda í samspili píanós og sellós í yndisfögurum hæga kaflanum. Franski hljómsveitarstjórinn Bertrand de Billy er aðalgestastjórnandi Sínfóníuhljómsveitar Íslands og hann fylgir nú eftir vel heppnuðum flutningi á fyrstu sínfóníu Brahms á síðasta starfsári. Þeir tónleikar voru upphafið að Brahms-hring sem de Billy leiðir til lykta á þessu starfsári með því að stjórna hinum sínfóníunum þremur. Þriðja sínfónía Brahms er styst þeirra allra en hlaðin tónlistarlegu inntaki.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Vera Panitch
Zbigniew Dubik
Pétur Björnsson
Sigrún Eðvaldsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Andrzej Kleina
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Joanna Bauer
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Þórdís Stross
Greta Guðnadóttir
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Justyna Bidler
Ólóf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Hekla Finnsdóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfiris
Guðrún Hrund Harðardóttir
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Kathryn Harrison
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Anna Elísabet Sigurðardóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Júlía Mogensen
Urh Mrak
Hjörtur Eggertsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Jacek Karwan
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Hávarður Tryggvason

Flauta

Thomas Hancox
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson
Finn Schofield

Fagott

Clara Manaud
Francisco Soutinho Ventura
Brjánn Ingason

Horn

Asbjørn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Hammarin
Jack Pilcher May

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Karl Frisendahl
Carlos Caro Aguilera

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Jorge Viana

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Kjartan Guðnason

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðs- og tæknimaður

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVIKA

Eignastýring